

Spurningarnar eru eftirfarandi:

1. Hvert yrði ykkar framlag í baráttu fyrir réttindum og þátttöku fólks á einhverfurófinu?

*Í velferðarstefnu VG kemur fram að batahugmyndafræðin skuli höfð að leiðarljósi í allri geðheilbrigðisþjónustu og að samfélagsgeðþjónustu þurfi að stórefla. Lögð er áhersla á að heilbrigðisþjónusta sé gjaldfrjáls. Þá segir í kosningaáherslum VG að halda þurfi áfram að byggja upp geðheilbrigðisþjónustu um land allt. Það þurfi jafnframt að byggja upp raunverulegar forvarnir í geðheilbrigðismálum og bregðast við kvíða ungs fólks með bættum úrræðum og samráði við unga fólkið.*

*Á þessu kjörtímabili hafa verið stigin ýmis skref í rétta átt í þessum efnum. Komugjöld á heilsugæslu hafa verið lækkuð eða felld niður, sálfræðingum á heilsugæslum hefur verið fjölgað og nýlega ráðstafaði heilbrigðisráðherra meira en 100 milljónum króna í tiltekin þverfagleg átaksverkefni til að efla geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungt fólk. Meðal verkefnanna eru gagnreynd námskeið í félagsfærni hjá BUGL, fjölgun greiningarviðtala hjá BUGL fyrir börn með mögulega röskun á einhverfurófi samfara öðrum geðrænum vanda til að stytta bið eftir greiningu, auk markvissra aðgerða til að stytta bið eftir þjónustu þunglyndis- og kvíðateymis geðþjónustu Landspítala, þjónustu átröskunarteymisins og þjónustu áfallateymisins.*

2. Hvað ætlar þinn flokkur að gera til þess að bæta aðgengi að greiningu og eftirfylgni?

3. Hvað telur þinn flokkur að sé ásættanleg bið eftir greiningu?

Mikilvægt er að bið eftir greiningu sé sem styst og má ekki vera íþyngjandi fyrir fólk. Á kjörtímabilinu sem er að líða hefur greiningarviðtölum verið fjölgað en halda þarf áfram á þeirri braut á næsta kjörtímabili.

4. Hvaða leiðir myndi þinn flokkur fara til að bæta aðgengi einhverfra að geðheilsuteymunum? Eins og staðan er í dag þá er algengara en ekki að fólk á einhverfurófi sé vísað frá geðheilsuteymunum sökum þekkingarskorts starfsfólks.

*Einhverfa á ekki að vera frávísunarsök frá þjónustu geðheilsuteyma. Mikilvægt er að tryggja aðgengi allra að geðheilbrigðisþjónustu.*

5. Hvaða tillögur hefur flokkurinn sem stuðla að aukinni fræðslu og þekkingu á einhverfu fyrir íslenskt samfélag?

*Það er lykilatriði að fræðsla fyrir kennara um geðheilsu, raskanir og fötlun sé aukin, bæði til að efla kennara og bæta umhverfi nemenda. Efla þarf ráðgjöf félagsráðgjafa og sálfræðinga í skólum til að styðja við geðheilsu barna og ungmenna.*

6. Hver er ykkar afstaða til stofnunar þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar?

Ekki hefur verið tekin formleg afstaða á vettvangi VG til stofnunar þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir fólk á einhverfurófi, en það er eitthvað sem VG væri opin fyrir því að skoða.